

Orðanefnd læknafélaganna - 108

Fundur var haldinn mánudaginn 3. júní 2024 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 108. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Reynir Tómas Geirsson og Gerður Aagot Árnadóttir voru erlendis og höfðu boðað forföll. Gestur fundarins var Jón G. Snædal, öldrunarlæknir.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 107. fundar (13. maí 2024), sem hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðanefndarvinnan:

- Heiti í öldrunarlækningum.** Haldið var áfram umræðu um heiti í orðalistanum frá síðasta fundi. JHJ lagði fram lista, sem hafði verið sendur fundarmönnum í tölvupósti, með færslum úr Íðorðasafni lækna svarandi til þriðja hluta orðalistans. Farið var sameiginlega yfir listann og lögð áhersla á að endurskoða íslensku heitin og skilgreiningarnar eins og æskilegt og nauðsynlegt þótti. JHJ var falið að færa inn samþykktar breytingar til birtingar í Íðorðasafni lækna í Íðorðabankanum (<https://idord.arnastofnun.is/>).
- Heiti í öldrunarlækningum.** JHJ lagði fram annan orðalista (á ensku máli) í öldrunarlækningum sem hann hafði fundið á netinu, sem einnig sem hafði verið sendur fundarmönnum í tölvupósti og gæti hugsanlega bætt einhverjum færslum við Íðorðasafn lækna. Farið var lauslega yfir listann með tilliti til þess og fundarmenn beðnir um að senda JHJ ábendingar um slíkt á næstunni í tölvupósti. Þar með lauk þessu sérstaka verkefni sem snerist um söfnun íslenskra heita í Öldrunarlækningum. Jóni G. Snædal var sérstaklega þakkað fyrir framlag sitt.
- Almenn veikindaheiti á íslensku.** Í umræðum á síðasta fundi var aðeins tæpt á fjölbreytileika þeirra heita, sem notuð hafa verið almennt í íslensku máli um tiltekin veikindi og sjúkdómsfyrirbæri, og þeirri spurningu var skotið fram hvort samræmi væri í notkun þeirra við þýðingu á tilteknum erlendum heitum. JHJ hafði síðan gert orða- og orðhlutaleit í Íðorðasafni lækna og lagði nú fram niðurstöður hennar. Almennt var, eins og búast mátti við, ekki um fullt samræmi að ræða í íslensku sjúkdómaheitunum, enda eru heitin ýmist fengin úr gömlu íslensku máli eða hafa orðið til við mismunandi aðstæður í margra áratuga íðorðavinnu lækna. Við þessa leit fundust tæplega 1500 íslensk orð í Íðorðasafni lækna sem vísuðu til skilgreinanlegra sjúkdómsfyrirbæra. Flest þeirra birtust sem síðari hluti samsetts heitis, s.s. -sjúkdómur (56), -veiki (51), -kvilli (182), -sýking (63), -sýki (46), -sótt (72), -pest (5), -kröm (14), krabbamein (56), -mein (57), -röskun (36), -bilun (32) og -heilkenni (73) Lang-algengasti síðari orðhluti í sjúkdómsheiti var -bólga (664).

- Kveðjuorð:** Nefndin minntist Arnar Bjarnasonar, læknis, fyrrum formanns nefndarinnar, sem lést 16. maí s.l. tæplega níræður, og þakkaði honum áratuga vinnu við Íðorðasafn lækna. Hann var sannur hugsjónamaður og eldhugi í því verki, svo dugmikill og markviss að um hann var stundum sagt: "Örn getur oftast gert hið óframkvæmanlega mögulegt." Nefndin saknar einnig góðs féлага sem deildi þekkingu sinni með gleði og af örlæti.

Næsti fundur. Gert var ráð fyrir næsta fundi að loknu hefðbundnu sumarfríi nefndarinnar mánudaginn 16. september kl. 16:30 og var fundarherbergi í Eddu bókað þann dag.

Fundinum var slitið um kl. 17:45. Fundargerð ritaði JHJ.